

FUNDARGERÐ

165. stjórnarfundur KRAFT

165. stjórnarfundur KRAFT var haldinn 27. maí 2024, kl. 20.00 á Engjavegi.

Fundarmenn : Hinrik, Þórunn Brynja, Auðunn, Kristleifur, María, Lára og Laufey
Fjarverandi: Aron Ingi
Fundarritari : Laufey

1. SÍÐASTA FUNDARGERÐ

Samþykkt.

2. EM Í KRAFTLYFTINGUM Í BÚNAÐI

Kristleifur sagði frá EM öldunga þar sem Sæmundur Guðmundsson stóð sig með þryði. Í sömu ferð tók Kristleifur alþjóðlega dómaraþrófið. Alltaf jákvætt þegar fjölgar í hópi alþjóðadómara. Auðunn sagði frá EM í opnum flokki en Ísland átti þar þrjá keppendur; Alex, Sóleyju Margrétu og Guðfinn Snæ. Mjög góður andi var í hópnum. Aðstaðan og umbúnaður á keppnisstað var í lagi en ekki neitt sérstakur sérstaklega miðað við t.d. í Danmerku í fyrra.

Guðfinnur Snær Magnússon

+120 kg

HB : 385 kg / BP : X / RL : 310 kg

3. sæti í réttstöðulyftu.

Náði ekki gildri lyftu í bekkpressu og náði því ekki árangri í samanlögðu.

Alex Cambrey Orrason

93 kg

HB 340 kg / BP : 207,5 kg / RL : 292,5 kg

Samanlagt : 840 kg

ÍM í réttstöðulyftu og í samanlögðu.

5. sæti í samanlögðu.

Sóley Margrét Jónsdóttir

+84 kg

HB : 280 kg / BP : 192,5 kg / RL : 205 kg

Samanlagt 677,5 kg

ÍM í bekkpressu og í samanlögðu.

2. sæti í hnébeygju / 1. sæti í bekkpressu / 2. sæti í réttstöðulyftu

1. sæti í samanlögðu - Evrópumeistari

Varði Evrópumeistaratitil sinn frá síðasta ári.

3. LANDSLIÐSBÚNINGUR O.FL.

Uppfæra þarf reglur um landsliðsbúninginn. Fundarmenn voru sammála um að uppfæra þarf mynd á heimasíðu KRAFT, skipta henni út fyrir nærmynd af nýja landsliðsbúningnum. Hinrik skoðar hvort SBD Ísland eigi myndir til að nota. María uppfærir á heimasíðu þegar mynd er komin. María bætir logo SBD á heimasíðu KRAFT sem styrktaraðila.

Umræða varð um notkun á landsliðsbúningi, bæði singlet og stuttermabol. SBD miðar við HM og EM en nú eru NM og Vestur-Evrópumót hluti af landsliðsverkefnum. Einnig rætt um peysuna vegna logo á henni. Hinrik, Þórunn og Laufey munu fara yfir samninga og fá staðfest um notkun utan EM og HM. Hinrik hefur samband við SBD og SBD Ísland. Fá einnig staðfestingu hvort það megi merkja bolina .t.d. „Head Coach“.

4. ÞJÁLFARAMÁL

Viku fyrir stjórnarfund kom fyrirspurn frá keppanda um að stjórn KRAFT leyfti honum að fá aðstoð frá þjálfara sínum á HM. Viðkomandi þjálfari er ekki í þjálfarateymi KRAFT en verður á staðnum sem hluti af þjálfarateymi síns heimalands. Skv. reglum IPF þarf samþykki stjórnar KRAFT.

Meirihluti stjórnar KRAFT samþykkti að leyfa í þetta skipti, en viðkomandi þjálfari verður gestaþjálfari á ábyrgð yfirþjálfara.

Sömu vikuna kom fyrirspurn þ.s. erlendur keppandi óskaði eftir fá aðstoð þjálfara síns sem er hluti af þjálfarateymi Íslands. Ástæða fyrir óskinni er mönnunarvandi innan hins landsliðsins. Skv. reglum IPF þurfa bæði landssamböndin að samþykkja fyrirkomulagið.

Meirihluti stjórnar KRAFT samþykkti að leyfa þetta þ.s. um er að ræða mönnunarvanda og hefur ekki áhrif á tímoplan þjálfarateymis og íslenskra keppenda.

Allir stjórnarmenn voru sammála á stjórnarfundum að þetta mál þurfi að taka fyrir af landsliðsnefnd og á vinnufundi stjórnar. Þessi bón frá keppanda er samþykkt í þetta skiptið en stjórn KRAFT ítrekar að samþykki í þetta skipti er einstakt tilfelli. Skýrari rammi verður settur af stjórn KRAFT og landsliðsnefnd.

5. SAMSTARF

Forsvarsmenn Vitargo hittu fulltrúa KRAFT og ræddu um mögulegt samstarf. Vitargo ætlar að gefa hópnum fyrir HM klassík smá nesti sem er poki með kolvetnum og brúsa.

6. LÁGMÖRK

Lágmörk verða uppfærð fyrir lok ársins. Aron Friðrik hefur séð um þau í samvinnu við landsliðsnefnd. Hinrik hefur samband við landsliðsnefnd og Aron Friðrik. Setja þarf tilkynningu á miðla KRAFT að lágmörk verða uppfærð fyrir lok árs.

7. ÍM Í KLASSÍK Í OPNUM FLOKKI

Kraftlyftingar eru vaxandi íþrótt, sem er ánægjulegt. Fjölgun á mótum hefur verið það mikil að það hefur verið erfitt að finna út hvernig best er að útfæra mótin hverju sinni. Sérstaklega hefur fjölgunin verið mikil á ÍM í klassík í opnum flokki. Er hægt að stýra fjöldanum einhvern veginn? Á mótaskrá KRAFT eru öldunga- og unglíngamót auk byrjenda- og æfingamóts. Skipulag mótaskrár riðlaðist í ár vegna erlendu stórmótanna í ár en verður ekki svo á næsta ári.

Stjórn samþykkti að því verður beint til félaganna að senda á ÍM í klassík opnum flokki keppendur sem eiga raunhæfa möguleika þar (eiga heima í þessum flokki) ~70 IPF GL. Stjórn mun skoða að hafa B-mót.

8. LANDSLIÐSVERKEFNI Á NÆSTUNNI

EM Í BEKKPRESSU

Keppendur : Elín Melgar Aðalheiðardóttir (OPEN), Ingimundur Björgvinsson (M1), Guðný Ásta Snorradóttir (M2) og Laufey Agnarsdóttir (M2).

Dómari : Laufey Agnarsdóttir

Yfirþjálfari : Ingimundur Björgvinsson

HM UNGLINGA

Keppendur staðfestir : Máni Freyr Helgason, Kolbrún Katla Jónsdóttir og Alvar Helgason

Keppendur óstaðfestir : Róbert Guðbrandsson

Þjálfarar : Hinrik +1.

NM UNGLINGA

Samtals 25 keppendur

Þjálfarar : Hjálmar, Róbert, Ingimundur, Lára, Hinrik, Auðunn (+1).

Dómarar : Þórunn og Laufey

VESTUR-EVRÓPUMÓTIÐ

10 keppendur

Þjálfarar : Kristleifur + 1

Dómari : X

EM UNGLINGA

Keppendur staðfestir : Hinrik Veigar Hinriksson, Sebastian Dreyer, Róbert Guðbrandsson, Kolbrún Katla Jónsdóttir, Arnar Gauí Björnsson, Daniel Patrick Riley, Signý Lára Kristinsdóttir og Marcos Pérez Valencia.

Þjálfarar : Auðunn, Hinrik og Lára

Dómari : X

9. MÓTAHALD INNANLANDS

Enn vantar mótshaldara fyrir bikarmótið. Mótanefnd er að skoða annars konar útfærslu á bekkpressumótinu í ágúst.

10. ÖNNUR MÁL

Það er ljóst að til að fá athygli fjölmiðla þá er mikilvæt að fréttatilkynningum sé fylgt eftir með símtali til fréttamanna / blaðamanna. Það sýndi sig í kringum EM í búnaði en þar kom frétt um árangur Sóleyju Margrétar í flesta miðla og var fyrsta frétt í íþróttafréttum RÚV en formaður KRAFT hringdi í fréttamann íþróttadeildar RÚV.

11. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Formaður sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

12. FUNDARLOK

Fundi slitið kl. 22.50